

Höfundur: Sigprúður Birta Jónsdóttir, deildarstjóri velferðarþjónustu í Árborg

Dags: 13.01.26

Viðtakandi: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

Málsnúmer: 2401051

## Áskorun um endurskoðun á niðurfellingu stöðugildis Tengiráðgjafa

Tengiráðgjafi hóf störf hjá Sveitarfélaginu Árborg 1. maí 2024 eftir styrkveitingu félags- og vinnumarkaðsráðuneytis. Styrkurinn var veittur á grundvelli aðgerða stjórnvalda sem miðuðu að því að bregðast við félags- og heilsufarslegum afleiðingum Covid-19 heimsfaraldursins. Markmið aðgerðanna var meðal annars að fyrirbyggja og draga úr einmanaleika og félagslegri einangrun meðal viðkvæmra hópa. Verkefnið studdist jafnframt við aðgerð B.1 um vitundarvakningu um heilbrigða öldrun og aðgerð A.2 um heima-endurhæfingarteymi innan verkefnisins Gott að eldast, aðgerðaáætlunar um þjónustu við eldra fólk 2023–2027. Sveitarfélaginu barst svo bréf í nóvember 2025 um að ekki yrði áframhaldandi styrkur veittur til að halda stöðugildinu inn í verkefninu Gott að eldast fyrir árið 2026.

Árborg vill koma á framfæri áhyggjum sínum af því að ekki standi til að veita áframhaldandi styrk til ráðningar tengiráðgjafa, sérstaklega í ljósi þess að verkefnið Gott að eldast stendur til ársins 2027 og tengiráðgjafastarf hefur verið óaðskiljanlegur hluti þessarar þróunarvinnu.

### 1. Samfella í þróun þjónustu – mikilvægi þess að ljúka verkefninu á faglegan og markvissan hátt

Ráðuneytið leggur í bréfi sínu áherslu á að „tryggja samfellu í þróun þjónustu“ fyrir eldra fólk. Á því stigi sem verkefnið Gott að eldast er statt, og þar sem tengiráðgjafi í Árborg er á öðru starfsári, er starfsemin er í hámarki og mikilvægir verkþættir standa yfir. Upplifunin í Árborg er að Tengiráðgjafi er loksins núna orðið þekkt stöðugildi og partur af samfélagi eldri borgara og aðstandenda þeirra.

Að stöðva þjónustuna á þessu tímabili myndi raska þeirri samfellu sem ráðuneytið sjálft setur í forgang. Til að tryggja að verkefnið skili varanlegum árangri og að uppbygging samþættrar heimaþjónustu verði raunhæf og sjálfbær, teljum við nauðsynlegt að tryggja stöðugildið út tímabil verkefnisins.

## **2. Þekkingartap og skerðing á faglegri getu sveitarfélagsins**

Tengiráðgjafinn hefur á síðustu tveimur árum byggt upp:

- Mikla innsýn í þarfir eldri borgara innan sveitarfélagsins.
- Traust til einstaklinga sem eru í viðkvæmri stöðu og aðstandenda þeirra.
- Komið að eflingu vinnubragða og verkferla sem tengjast samþættri þjónustu.
- Tengt saman kerfi og verið aðili sem brúar bilið í samskiptum við félög eldri borgara, Rauða krossinn, virkniúrræðið Strók og fleiri staði sem starfa í Árborg.
- Nýsköpun í úrræðum og hópamyndun líkt og danshóp 60+ og nýtt verkefni sem heitir „Karlar í uppsölum”.
- Forvarnarvinnu með því að gera upplýsingabækling um þjónustu við eldra fólk, dreift upplýsingum um mikilvægi hreyfingar, samveru, svefn og heilsu frá ÍSÍ, LEB, island.is, ráðuneytum og fl. ásamt því að vera hluti af öldungaráði og forvarnarhóp sveitarfélagsins.

Ef stöðugildið verður lagt niður núna tapast þessi þekking að stórum hluta, bæði fyrir sveitarfélagið og fyrir Gott að eldast verkefnið á landsvísu. Þetta er sérstaklega alvarlegt þegar verkefnið á enn nær tvö ár ólokið og upplýsingasöfnun, greiningarvinna og samráðsferli eru í hápunkti.

Ráðuneytið vísar ekki í bréfinu ekki hvað verði um þessa þekkingu — en við teljum mikilvægt að varpa þeirra spurningu fram? Ef ekki er tryggt að tengiráðgjafar ljúki verkefninu á samþættan og uppbyggilegan hátt, munu áhrif þeirra „veigamiklu“ verkefna sem ráðuneytið nefnir í bréfi sínu rýrna.

## **3. Samfélagsleg áhrif – tengiráðgjafi sem lykilþáttur í að draga úr félagslegri einangrun**

Þjónusta tengiráðgjafa hefur þegar sýnt fram á:

- aukna virkni eldri einstaklinga,
- minnkun félagslegrar einangrunar,
- betri aðkomu að þjónustu,
- aukið samstarf milli þjónustustiga.

Að draga úr þessari þjónustu núna, á sama tíma og lýðfræðilegar áskoranir aukast, myndi ganga gegn markmiði ráðuneytisins um að styðja eldra fólk til að búa lengur á eigin heimili.

Tengiráðgjafinn er beintengd við dagdvalir, heimaþjónustu, heimahjúkrun og önnur úrræði, sem eru þau úrræði sem ráðuneytið vill efla.

#### **4. Tengiráðgjafastyrkir sem „mótvægisáðgerð“ en verkefnið sem langtímauppbygging**

Rétt er að styrkveitingar upphaflega tengdust viðbrögðum við Covid-19. Hins vegar hefur starf tengiráðgjafa á landsvísu og innan Árborgar vaxið langt út fyrir þessi upphaflegu markmið og er nú lykilþáttur í þróunarverkefninu Gott að eldast.

Styrkurinn kann að hafa verið stofnaður sem tímabundin mótvægisáðgerð — en verkefnið sem hann styður er meira en tímabundið og mun standa til 2027. Því er rökrétt og faglegt að tryggja áframhald til að ljúka þeirri kerfisbreytingu sem þegar er hafin.

#### **5. Áskorun til ráðuneytisins um að vernda það sem þegar hefur tekist**

Ráðuneytið talar í bréfinu um mikilvægi þess að styðja samfélög og efla úrræði. Í Árborg sjáum við nú þegar áþreifanlegar afleiðingar tengiráðgjafastarfsins. Að hætta núna myndi:

- rýra traust og samfellu í þjónustu við viðkvæman hóp,
- seinka markmiðum um samþætta heimaþjónustu,
- raska þeirri þróun sem Gott að eldast á að tryggja á landsvísu.

Við teljum að veita styrk til tengiráðgjafa út verkefnatímabil Gott að eldast verði ekki aðeins fjárhagslega hagkvæmt, heldur einnig mikilvæg fjárfesting í gæðum, fagmennsku og framtíðaruppbyggingu þjónustu við eldra fólk. Með samantekt þessari og rökum vill velferðarþjónusta Árborgar skora á ráðuneytið að endurskoða ákvörðun að fella niður styrk til stöðugildis tengiráðgjafa.